

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu veitta af gæðasviði Fiskistofu.

1. gr.

Fiskistofa skal taka gjald fyrir vinnsluleyfi sem gefin eru út til vinnsluleyfishafa á grundvelli 12. gr. laga nr. 93/1992.

Gjaldið skal vera eins og hér segir:

A.	kr.
1. Grásleppustöðvar	5.000
2. Fiskgeymslur	15.000
3. Salfisk-, síldarsöltunar-, skreiðarstöðvar og skelfiskvinnslur	20.000
4. Fiskimjölsverksmiðjur, fiskmarkaðir og lagmetisverksmiðjur	35.000
5. Frystihús og fullvinnsluskip	50.000
B. Fyrir vinnsluleyfi til fiskiskipa skal gjaldið vera eins og hér segir:	
1. Fiskiskip 10 brúttórúmllestir eða minni	5.000
2. Fiskiskip stærri en 10 brúttórúmllestir en minni en 50	10.000
3. Fiskiskip stærri en 50 brúttórúmllestir en minni en 200	15.000
4. Fiskiskip stærri en 200 brúttórúmllestir	30.000

Gjald fyrir vinnsluleyfi samkvæmt þessari grein skal innheimta við afhendingu leyfisins.

2. gr.

Fiskistofa skal taka gjald fyrir útgáfu útlutningsvottorða. Gjald fyrir hvert vottorð skal vera kr. 500. Gjaldið skal innheimta við afhendingu vottorðsins.

3. gr.

Gjald Fiskistofu fyrir útselda vinnu vegna sérfræðistarfa eða mats á afurðum skal vera kr. 2.500 fyrir hverja klukkustund.

4. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari eru lögð á og innheimt samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 58/1994. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. maí 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag í Grundarhverfi á Kjalarnesi.

Á fundi hreppsnefndar Kjalarneshrepps 26. febrúar sl. voru samþykktar breytingar á deiliskipulagi Grundarhverfis á Kjalarnesi. Breytingarnar fela í sér færslu á leikskólalóð, íþróttavelli og breytingu á legu gatna og grænum svæðum.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og fellir úr gildi eldra deiliskipulag, sem staðfest var 1986.

Kjalarnesi, 4. maí 1998.

Jónas Vigfússon sveitarstjóri.